

## Fundur nr. 240

Ár 2024, föstudaginn 16. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður  
Hildur Björnsdóttir  
Már Másson  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir  
Guðmundur Ingpór Guðjónsson  
Helga Harðardóttir  
Páll Brynjarsson

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd

### 2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt

### 3. Farþegamiðstöð

Fyrir fundinum lá kynning frá stjórnendum um byggingu farþegamiðstöðvar við Skarfabakka, mat á arðsemi verkefnisins auk alverktökusamnings við verktaka á grundvelli samþykks tilboðs í útboði Faxaflóahafna.

Stjórn samþykkti samhljóða heimild til hafnarstjóra um að undirrita fyrir hönd félagsins fyrirliggjandi alverktökusamning við Íslenska aðalverktaka hf., kt. 660169-2379, um byggingu farþegamiðstöðvar á Skarfabakka.

### 4. Forkaupsréttarmál

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteigna með venjulegum fyrirvara um að afnot lóða falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningum:

- a. Erindi Klettagarða ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Klettagörðum 11, Reykjavík. Fasta nr. 221-4198. Kaupandi Ármúli ehf.

### 5. Rekstraruppgjör 2023

Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs og Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármála komu á fundinn. Kynntu þau rekstraruppgjör síðastliðins rekstrarárs og svöruðu spurningum fundarmanna.

## **6. Framkvæmdaryfirlit 2024**

Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs kynnti yfirlit framkvæmda fyrirtækisins fyrir líðandi ár og svaraði spurningum fundarmanna.

## **7. Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið 11:45